

# **Aðalfundur Starfsmannafélags Suðurnesja haldinn mánudaginn 25. apríl 2016 að Krossmóa 4 5 hæð Kl 20.00.**

Formaður setti fund kl: 20:00 og bauð fundarmenn velkomna og kom með tillögu um að Kjartan F. Adolfsson yrði fundarstjóri og Ágústa Guðmundsdóttir ritari og var það samþykkt. Alls eru mættir 21 félagsmaður.

## **Dagskrá:**

1. Setning fundar- formaður
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning stjórnar skv. 6. gr.
7. Kosning löggilts endurskoðenda eða endurskoðunarskrifstofu og tveggja félagskjörinna skoðunarmanna reikninga skv. 6. gr.
8. Kosning nefnda.
9. Ákvörðun félagsgjalda.
10. Kosning fulltrúa á þing B.S.R.B.
11. Önnur mál.

## **1. Formaður setti fund kl. 20.00**

### **2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.**

Formaður kom með tillögu um að Kjartan F. Adolfsson yrði fundarstjóri og Ágústa Guðmundsdóttir ritari. **Samþykkt.**

### **3. Skýrsla stjórnar**

Stefán B. Ólafsson formaður las skýrslu stjórnar, nefndi að í stjórn félagsins þyrfti að tilnefna einn aðila í aðalstjórn og einn í varastjórn.

Stefán B. Ólafsson, Kjartan F. Adolfsson og Eiríkur B. Eysteinnsson voru á s.l. ári kosnir til tveggja ára Halla Þórhallsdóttir til eins árs og Tómas Elí Guðmundsson til eins árs. Hermann Ólason í varastjórn til eins árs.

Haldnir voru 10 fundir í stjórn STFS á árinu. Ræddi um rekstur orlofshúsa sem er einn stærsti þáttur í starfsemi félagsins. Félagið á 7 orlofsíbúðir 1 á Spáni 1 á Efri Reykjum, 2 á Akureyri og 3 í Munaðarnesi. Endurbyggingu í Reykjaskógi lauk í maí á síðasta ári en þegar húsið var klárt lentum við í vatnstjóni sem gerði það að verkum að fyrstu gestir urðu að fara úr húsinu. Sem betur fer var hægt að laga það tjón á skömmum tíma. Nýr aðili er tekinn við umsjón húsa félagsins á Akureyri hann heitir Hafliði Gunnarsson og er orlofsnefnd að fara norður í sína árlegu eftirlitsferð og tekur starfssamning Hafliða með til undirritunar. , Skoðuð verða líka húsin í Munaðarnesi. En þar stendur til að endurnýja og stækka hús okkar við Vörðuás 18. Þetta er á teikniborðinu ennþá en reiknað er með að verði 3 svefnherbergi í húsinu. Sem vonast er til að verði hægt að byrja á n.k. haust.

### **Kjaramál:**

Kjarasamningar voru gerðir við Samband Ísl. Sveitarfelaga sem kláraður var s.l. haust.

### **Samstarf við BSRB:**

Formaður situr í stjórn BSRB og á þessu starfsári hafa verið haldnir 6 fundir en nú hefur orðið breyting og þeim fækkað niður í 4 á ári. Okkur hefur verið falið að sjá um haustfund aðildarfélags BSRB og verður hann haldinn í september n.k.

### **Skrifstofuhald:**

Á síðasta ári varð sú breyting á að Valdís Sigurbjörnsdóttir lét af störfum fyrir félagið og höfum við verið að vinna í gerð auglýsingar fyrir nýjan starfsmann og verður starfið auglýst fljótlega. Það hefur verið mikið sótt til okkar á skrifstofuna með hin ýmsu mál stór og smá og höfum við Sigrún og ég reynt eftir fremsta megni að greiða úr málum með aðstoð lögfræðings hjá BSRB og hefur það gengið vel. Samþykkt.

### **4. Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár.**

Eiríkur Bjarki las upp reikninga félagsins.

Skýrsla stjórnar og reikningar félagsins voru bornir upp til samþykktar, nokkrum spurningum var svarað síðan voru skýrsla og reikningar samþykktir samhljóða..

### **5. Lagabrytinar**

Ekkert mál þar á dagskrá.

### **6. Kosning stjórnar skv. 6. gr.**

Stjórnin gefur öll kost á sér áfram nema Tómas Elí Guðmundsson sem verið hefur meðstjórnandi, en í hans stað kemur Hermann Ólason sem verið hefur í varastjórn.

Stefán B. Ólafsson formaður

Halla Þórhallsdóttir ritari

Eiríkur B. Eysteinnsson gjaldkeri

Kjartan F. Adolfsson varaformaður

Hermann Ólason meðstjórnandi

Ástríður Sigþórsdóttir kemur ný inn í varastjórn.

### **Uppstillinganefnd.**

Hrefna Gunnarsdóttir, til 2ja ára

Hafsteinn Ingibergsson til 2ja ára

Ásdís Óskarsdóttir. Varastjórn til eins árs.

### **6. Kosning löggilts endurskoðenda eða Endurskoðunarskrifstofu og tveggja félagskjörinna skoðunarmanna skv. 6. gr. laga félagsins..**

Samþykkt að hafa KPMG áfram sem endurskoðendur

Tillaga um skoðunarmenn til eins árs. Guðmundur E. Jóelsson og Ásta M. Jónsdóttir

Samþykkt samhljóða og til vara. Jenný K. Harðardóttir. Samþykkt.

### **Kosning nefnda í eitt ár.**

### **Endurmatsteymi starfsmats:**

Þorgerður Guðmundsdóttir

Til vara Halla Þórhallsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

**Orlofsnefnd.**

Hermann Ólason lætur af störfum í orlofsnefnd og þökkum við honum samstarfið og óskum honum velfarnaðar. Eftirfarandi aðilar sem eru í orlofsnefnd gefa kost á sér áfram þ.e.:

Elísabet Sævarsdóttir,  
Ágústa Guðmundsdóttir,  
Ástríður Sigþórsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

**Starfsmenntunarsjóður Tilnefndar eftirfarandi aðilar.**

Ásdís Óskarsdóttir  
Sigurbjörg Gísladóttir.  
Samþykkt samhljóða.

**Eftirlaunasjóður starfsmanna Reykjanesbæjar.**

Aðalmaður: Ásdís Óskarsdóttir  
Varamaður Sigurbjörg Gísladóttir.  
Samþykkt samhljóða.

**9. Ákvörðun félagsgjalda.** Samþykkt var að hafa félagsgjöldin áfram 1% af öllum launum.

**10. Kosning fulltrúa á þing B.S.R.B.** Vísað til stjórnar.

**11. Önnur mál.**

Spurt var hvort starfsmenntunarsjóður styrki námsferðir til útlanda. . Sækja þarf til Mannauðssjóðs og greitt er 100-130 þúsund eftir því hvert farið er. Sýna þarf kvittun fyrir námsskeiði eða námi.

Einnig rætt um Fatapeninga. Málið í skoðun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 20:45

Fundarritari Ágústa Guðmundsdóttir.